

Fundargerð

Fundur í fjallskilanefnd Reykhólahrepps þriðjudaginn 19. júlí 2016, kl. 13:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason formaður, Hafliði Ólafsson, Herdís Matthíasdóttir, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar setti fundinn.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Undirbúningur fjallskila haustið 2016.

Nefndin ræddi réttardag í Kinnarstaðarétt. Tilraun var gerð haustið 2015 að hafa réttardag sama dag og leitir. Nefndin ákveður að réttardagur skuli verða daginn eftir leitir eins og áður.

Réttað verður í Eyrarrétt 10. september 2016.

Réttað verður í Króksfjarðarnesi 17. september 2016.

Réttað verður í Kinnarstaðarétt 18. september 2016.

Rætt var um Mast girðinguna uppúr Kollafirði, hversu léttari leitir væru ef henni yrði haldið við.

Ákveðið var að reyna að kalla til formenn fjallskilanefndar skv samþykkt um fjallskil og formann fjallskilanefndar í Strandabyggð saman til samráðsfundar eins og gert var í fyrra. Athuga vikuna 8. – 12. ágúst.

Önnur mál (ef einhver).

Fundargerð lesin, fundi slitið 13.40
